



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 55/2019

**Bann við sölu og afhendingu á 142 tegundum áfyllinga  
fyrir rafrettur hjá Póló söluturni**

**I.**

**Málsmeðferð**

Við markaðseftirlit Neytendastofu í Póló söluturni Bústaðavegi, sem rekinn er af Fitjaborg ehf. þann 24. september 2019 kom í ljós að markaðssettar voru áfyllingar fyrir rafrettur með rofin innsigli. Viðurkenndi eigandi að nikótíni hefði verið bætt í áfyllingarnar. Jafnframt vantaði áfyllingarnar réttar viðvörðunarkerkingar auk leiðbeininga um geymslu og notkun. Þann sama dag var lagt tímabundið sölubann á 146 áfyllingar fyrir rafrettur, þar sem áfyllingarnar innihéldu nikótín og höfðu ekki verið tilkynntar auk þess sem merkingar og leiðbeiningar voru ekki í samræmi við viðeigandi kröfur. Vörurnar voru innsiglaðar og fjarlægðar úr versluninni með samþykki eiganda.

Þann 3. október var söluaðili upplýstur um að fjórar áfyllingar af gerðinni Nasty Ballin, Migos Moon, Passion Killa, Hippie Trail og Bloody Berry, væru ekki með barnalæsingu á loki. Fitjaborg tilkynnti með tölvupósti, dags 7. október 2019, um stöðvun á sölu og afhendingu á áfyllingunum og í framhaldi voru áfyllingarnar innkallaðar.

Í bréfi Neytendastofu til Fitjaborgar, dags. 11. október 2019, er fjallað um tímabundið sölubann stofnunarinnar á umræddar 146 tegundir áfyllinga fyrir rafrettur. Í bréfinu kemur fram að á áfyllingarnar vantaði leiðbeiningar um notkun og geymslu og viðvaranir. Einnig höfðuðu 24 áfyllingar sérstaklega til barna eða ungmenna, m.a. með myndskreytingum eða slagorðum (sjá fylgiskjal) auk þess sem tvær áfyllingar líktust matvælum (sjá fylgiskjal). Með bréfinu um tímabundið sölubann var Fitjaborg gefið færi á að skila inn skriflegum skýringum, athugasemdum eða öðrum viðeigandi gögnum, s.s. eiturefnafræðilegum gögnum og nikótínskömmtum frá söluaðila.

Engin frekari gögn bárust frá Fitjaborg.



## II. Niðurstaða

### 1.

Mál þetta varðar öryggi 146 tegunda áfyllinga sem seldar voru í Póló söluturni, sem rekinn er af Fitjaborg ehf. Áfyllingarnar sem innihalda nikótín voru ótilkynntar, innsigli umbúða rofin og á umbúðir þeirra skorti viðvaranir. Af 146 áfyllingum vantaði leiðbeiningar um notkun og geymslu á 129 áfyllingar. Þar af höfðuðu 24 áfyllingar sérstaklega til barna eða ungmenna, m.a. með myndskreytingum eða slagorðum, og tvær áfyllingar líktust matvælum. Þar að auki voru 15 áfyllingar þar sem leiðbeiningar vantaði um notkun, en fjórar áfyllingar af þeim voru innkallaðar af Fitjaborg þar sem engar barnalæsingar voru á umbúðum þeirra. Ennfremur var ekki gætt að leiðbeiningum um geymslu á umbúðum tveggja áfyllinga (sjá fylgiskjal). Lagt var tímabundið sölubann á vörurnar þann 24. september 2019.

Við meðferð málsins stöðvaði Fitjaborg sölu og innkallaði fjórar tegundir áfyllinga sem ekki höfðu barnalæsingu á loki. Að öðru leyti bárust Neytendastofu ekki frekari gögn, skýringar eða athugasemdir frá versluninni.

Um rafrettur og áfyllinga fyrir þær gilda lög nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar, og reglugerð nr. 255/2019, um merkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga og efni upplýsingabæklings sem fylgja skal rafrettum.

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018 segir að rafrettur og áfyllingar megi aðeins hafa til sölu eða dreifingar ef skráðar eru viðvaranir um áhrif vörunnar á heilsu á umbúðir hennar og leiðbeiningar fylgi um notkun og geymslu. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laganna er jafnframt óheimilt er að hafa á umbúðum rafrettna eða áfyllinga texta eða myndmál sem getur höfðað sérstaklega til barna eða ungmenna, m.a. með myndskreytingum eða slagorðum, og þannig hvatt til notkunar rafrettna.

Í greinargerð frumvarps er varð að lögum nr. 87/2018 er nánar vikið að því að í ljósi mikillar aukningar á notkun rafrettna hjá ungmönnum þætti sérstaklega mikilvægt að ákvæði 2. mgr. 5. gr. tæki gildi svo ekki sköpuðust rangar hugmyndir um eiginleika rafrettna og áhrif notkunar þeirra á heilbrigði.

Kveðið er á um öryggi rafrettna og áfyllinga fyrir þær í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018 en þar segir:

*„Einungis er heimilt að flytja inn, selja eða framleiða rafrettur og áfyllingar sem teljast öruggar og uppfylla ákvæði laga þessara eða reglugerða settra með stöð í þeim.“*

Um tilkynningarskyldu framleiðenda og innflytjenda rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem innihalda nikótín er kveðið á um í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 87/2018, en þar segir:



*„Framleiðendur og innflytjendur rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem innihalda nikótín, sem hyggjast setja rafrettur eða áfyllingar á markað hér á landi, skulu senda Neytendastofu tilkynningu um slíkt sex mánuðum áður en markaðssetning er fyrirhuguð. Leggja skal fram nýja tilkynningu fyrir hverja umtalsverða breytingu á vörunni og sker Neytendastofa úr um hvort breyting telst umtalsverð. Óheimilt er að flytja inn eða selja vöru sem hefur ekki verið tilkynnt í samræmi við ákvæði þetta og reglugerðir settar með stöð í því.“*

Nánar er kveðið á um merkingar í reglugerð nr. 255/2019. Í 3. og 4. gr. hennar er nánar mælt fyrir um viðvörunarmerkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga, sem innihalda nikótín.

Í 3. gr. reglugerðarinnar segir:

*„Viðvörunarmerkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga, skv. 5. gr., sem hvoru tveggja innihalda nikótín skal prenta með svörtu Helvetica-feitletri á hvítum grunni. Merking skal vera í svörtum ramma, sem er 1 mm á breidd, inni á yfirborðsflatinum sem er frátekinn fyrir slíkar merkingar. Viðvörunarmerking skal birtast á tveimur stærstu yfirborðshlutum hvers einingapakka og öllum ytri umbúðum vörunnar og þekja 30% af yfirborði einingapakka og allra ytri umbúða vörunnar.“*

Þá segir í 4. gr. reglugerðar nr. 255/2019:

*„Texti viðvörunarmerkingar á umbúðir rafrettna og áfyllinga sem hvoru tveggja innihalda nikótín skal vera eftirfarandi: „Þessi vara inniheldur nikótín sem er mjög ávanabindandi efni. Ekki er mælt með notkun þess fyrir þá sem reykja ekki.“ Texti viðvörunarmerkingar skal vera samsíða almennum texta á umbúðum.“*

Ennfremur er í 4. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar mælt fyrir um að umbúðir skuli ekki líkjast matvælum eða snyrtivöru.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu mega framleiðendur einungis markaðssetja örugga vöru. Úrræði Neytendastofu vegna markaðssetningar á vöru sem ekki uppfyllir skilyrði laga nr. 87/2018 fer samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laganna að ákvæðum laga nr. 134/1995.

## 2.

Fitjaborg hefur í verslun sinni, Póló söluturni, Bústaðavegi markaðssett áfyllingar fyrir rafrettur þar sem umbúðir 24 áfyllinga höfða sérstaklega til barna eða ungmenna, m.a. með myndskreytingum eða slagorðum sem þannig hvetja til notkunar rafrettna.



Við mat á því hvort áfyllingar eða rafrettur höfða sérstaklega til barna er m.a. litið til þess að á umbúðum er myndefni sem Neytendastofa telur höfða til barna eða ungmenna undir 18 ára aldri.

Neytendastofa telur að átta vörur frá framleiðandanum Juiceman af gerðinni „Unicorn Frappé“ og „Zonk“ séu skreyttar myndefni sem höfða til barna eða ungmenna yngri en 18 ára að aldri. Áfyllingarnar „Unicorn Frappé“, „Unicorn Frappé on Ice“ og „Snowman on Ice“ (sjá fylgiskjal) eru litríkar, með teikningum af einhyrning og regnboga. Hið sama á við um myndefni á umbúðum áfyllingarinnar „Snowman on Ice“ þar sem umbúðirnar eru litríkar með mynd af mörgæs og ís. Zonk umbúðir frá sama framleiðanda eru einnig litríkar og framsetning myndefnis á vörunni þannig að höfði sérstaklega til barna eða ungmenna undir 18 ára aldri.

Neytendastofa telur umbúðir 10 áfyllinga fyrir rafrettur frá framleiðandanum Dripmore af gerðinni „Candy King“ einnig litríkar og myndefni þeirra höfða sérstaklega til barna (sjá fylgiskjal).

Þá höfða fjórar áfyllingar fyrir rafrettur frá Puff Labs af gerðinni Strange Fruit (sjá fylgiskjal) sérstaklega til barna eða ungmenna undir 18 ára aldri. Umbúðir áfyllinganna eru litríkar og á þeim er myndefni sem er að mati Neytendastofu til þess fallið að höfða sérstaklega til barna eða ungmenna, þar sem á umbúðum „Booty Botty“ má sjá einhyrning og marglita köku. Á umbúðum Strange Fruit Rotten Candy má sjá barn ásamt sælgæti og á umbúðum Strange fruits „Spoiled milk“ er grátandi barn með mjólk í pela. Þá er á Strange Fruit „Fried Eye Scream“ persóna sem líkist teiknimyndapersónu.

Ennfremur er það mat Neytendastofu að myndefni á umbúðum tveggja áfyllinga frá Vape Crush (sjá fylgiskjal) höfði sérstaklega til barna eða ungmenna þar sem umbúðir varanna eru litríkar og teikningar líkjast teiknimyndapersónum eða öðrum fígúrum. Það er mat Neytendastofu að með markaðssetningu ofangreindra áfyllinga hafi Fitjaborg brotið gegn 2. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018.

Að mati Neytendastofu eru tvær vörur sem líkjast matvælum. Annars vegar er um að ræða áfyllinguna Savage - Lemon Crunch Cake frá framleiðendunum Savage Enterprises, en utan á umbúðunum er mynd af sítrónuköku. Hins vegar er vísað til áfyllingarinnar TRPCL 100 - Aloha Gummy frá Midnight Manufacturing, þar sem myndefni á umbúðum líkist ávaxtasafa (sjá fylgiskjal). Neytendastofa telur að Fitjaborg hafi með sölu áfyllinga sem líkjast matvælum brotið gegn 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 255/2019.

### 3.

Í ljósi framangreinds er það mat Neytendastofu að 146 tegundir áfyllinga sem markaðssettar voru í verslunum Fitjaborgar uppfylli ekki skilyrði laga nr. 87/2017 (sjá fylgiskjal, vörur 1-146), þar sem áfyllingarnar sem innihalda nikótín hafa ekki verið tilkynntar til Neytendastofu í samræmi við 14. gr. laga nr. 87/2018. Fjórar áfyllingar, sem skorti barnalæsingar, hafa þegar



verið innkallaðar og sölu þeirra hætt af hálfu söluaðila og koma því ekki til álita við niðurstöðu, að öðru leyti en varðandi eyðingu þeirra.

Auk þess að áfyllingarnar innihéldu nikótín án þess að hafa verið tilkynntar Neytendastofu vantar viðeigandi viðvaranir, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 255/2019 á umbúðir áfyllinganna. Þá báru 129 áfyllingar ekki réttar leiðbeiningar um notkun og geymslu. 11 áfyllingar skortir leiðbeiningar um notkun og tvær skortir leiðbeiningar um geymslu, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 1. mgr. 6 gr. laga nr. 87/2018 auk 1. gr. og 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995 að banna sölu og afhendingu framangreindra 142 áfyllinga fyrir rafrettur (sjá fylgiskjal, vörur 1-142).

#### 4.

Í þessu máli er um að ræða hættuleg efni og efnasambönd, s.s. nikótín, sem gera ríkar kröfur til eyðingar. Verður áfyllingunum aðeins eytt með sérstökum aðferðum. Með vísan til framangreinds er Fitjaborg falið að afhenda Neytendastofu til eyðingar 146 tegundir áfyllinga, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995 og 4. mgr. 29. gr. reglugerðar ESB 765/2008 sem innleidd er með reglugerð nr. 566/2013 um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. Fitjaborg ber að greiða kostnað sem hlýst af eyðingu áfyllinga, sbr. 24. gr. laga nr. 134/1995. Neytendastofa mun að liðnum sex vikum frá birtingu ákvörðunar koma vörunum til eyðingar hjá viðeigandi aðila.

Í 7. tölul. 14. gr. laga nr. 134/1995 segir að hlutverk Neytendastofu sé að gefa út tilkynningar og vara við hættulegum vörum á markaði sem lög þessi taka til ef nauðsyn ber til og annast samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA og önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, svo og vera tengiliður við RAPEX-tilkynningakerfi framkvæmdastjórnar ESB um hættulegar vörur á markaði. Neytendastofa mun upplýsa framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hér á landi í samræmi við reglugerð nr. 566/2013 um markaðseftirlit og faggildingu o.fl. Fara upplýsingaskiptin fram með tilkynningu í tilkynningarkerfi um hættulegar vörur (e. Safety Gate).

#### IV.

##### Ákvörðunarorð:

**„Fitjaborg ehf., Háholti 8, Garðabæ, rekstraraðili Póló söluturns Bústaðavegi hefur boðið fram á markaði áfyllingar fyrir rafrettur sem ekki geta talist öruggar í skilningi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018, laga um rafrettur og áfyllinga fyrir þær.**

**Með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, er Fitjaborg ehf. í verslunum sínum, þ.m.t. vefverslunum, bannað að selja og afhenda 146 tilgreindar tegundir áfyllinga fyrir rafrettur (sjá fylgiskjal) þar sem:**



- 146 tegundir áfyllinga innihalda nikótín án þess að vera tilkynntar Neytendastofu, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 87/2018,
- 146 tegundir áfyllinga bera ekki réttar viðvaranir, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 255/2019,
- 129 tegundir áfyllinga bera ekki leiðbeiningar um notkun og geymslu, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018,
- 24 tegundir áfyllinga höfða til barna og tvær tegundir áfyllinga líkjast matvælum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 255/2019,
- 11 tegundir áfyllinga bera ekki leiðbeiningar um notkun og tvær tegundir áfyllinga bera ekki leiðbeiningar um geymslu, 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018.

Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sbr. 4. mgr. 29. gr. reglugerðar ESB nr. 765/2008 sem innleidd er með reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl., skal Fitjaborg ehf. afhenda Neytendastofu ofangreindar áfyllingar fyrir rafrettur í vörslu Fitjaborgar ehf. til eyðingar.

Með vísan til 2. mgr. 24. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, ber Fitjaborg ehf. að greiða kostnað vegna eyðingar á þeim áfyllingum sem ákvörðun þessi tekur til.“

Neytendastofa, 12. desember 2019

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir

Fylgiskjal – Ákvörðun nr. 55/2019

Vörur sem höfðu sérstaklega til barna eða ungmenna.

1.

2.

3.




4.

5.

6.

7.

8.



9.

10.

11.

12.



13.

14.

15.

16.



17.

18.



19.

20.


21.

22.



23.

24.



Vörur sem líkjast matvælum

25.



26.



## 142 tegundir af áfyllingum fyrir rafrettur

1. Juice man - Madman
2. Juice man - Snowman on ice
3. Juice man - Unicorn Frappe
4. Juice man - Unicorn Frappe on ice
5. Juice man – Zonk Mixed Berry
6. Juice man – Zonk Cotton Candy
7. Juice man – Zonk Pink Lemonade
8. Juice man – Zonk Orange Mango
9. Juice man – Zonk Watermelon Strawberry
10. Dripmore - Candy King Berry Dweebz
11. Dripmore - Candy King Pink Squares
12. Dripmore - Candy King Strawberry Watermelon Bubblegum
13. Dripmore - Candy King Sour Worms on ice
14. Dripmore - Candy King Hard Apple
15. Dripmore - Candy King Strawberry Rolls
16. Dripmore - Candy King Lemon Drops
17. Dripmore - Candy King Strawberry Watermelon Bubblegum on ice
18. Dripmore - Candy King Peachy Rings
19. Dripmore - Candy King Belts Strawberry
20. Puff Labs - Strange Fruit Rotten Candy
21. Puff Labs - Strange Fruit Frooty Booty
22. Puff Labs - Strange Fruit Fried eye scream
23. Puff Labs - Strange Fruit Spoiled Milk
24. Vape Crush - Blue belts
25. Vape Crush - Chewey Gooley
26. Savage Enterprises – Savage Lemon Crunch Cake
27. Midnight Manufacturing - TRPCL 100 Aloha gummy
28. Wolfpack wholesale - RVK City Cloud Menthol
29. Wolfpack wholesale - RVK City Cloud Black Licorice
30. Wolfpack wholesale - RVK City Cloud Bragolaust
31. Wolfpack wholesale - RVK City Cloud Tutti Frutti
32. Wolfpack wholesale - RVK City Cloud Superchill
33. Dripmore - Tropic King Berry Breeze
34. Dripmore - Tropic King Mad Melon
35. Dripmore - Tropic King Lychee Luau
36. Dripmore - Tropic King Cucumber Cooler
37. Ethos Vapors - Candy Treats Fruit bites
38. Pop clouds - Cotton Candy
39. Pop clouds - First Flight Candy
40. Pop clouds - Watermelon Candy
41. Pop clouds - Blue Razz Candy
42. Slush Classic - Slush Classic Straw Melon

43. Slush Classic - Slush Classic Lemon Lime
44. Juice Man - Cherry Cola Lime
45. Juice Man - Cherry Cola Blue
46. Keep it 100 - Keep it 100 Milk Birthday Shake
47. Keep it 100 - Keep it 100 Blue Slushie Tropical
48. Keep it 100 - Keep it 100 Blue Slushie iced
49. Keep it 100 - Keep it 100 Blue Slushie
50. Keep it 100 - Keep it 100 Pink Burst
51. Keep it 100 - Keep it 100 Mallow Man
52. Stay Salty - Stay Salty Blue Raspberry Lemonade
53. Stay Salty - Stay Salty Blue Raspberry
54. Stay Salty - Stay Salty Strawmelon Lemonade Twist
55. Stay Salty - Stay Salty Strawmelon Twist
56. Stay Salty - Stay Salty Strawmelon Twist on ice
57. Stay Salty - Stay Salty Tropical Blue Raspberry
58. Stay Salty - Stay Salty Apple Kiwi
59. Tailored Vapors - Tailored Pink Palmer
60. Tailored Vapors - Tailored Raspberry Tea
61. Tailored Vapors - Buffjuice Blue Parfait
62. Tailored Vapors - Buffjuice Funny Bunch Crunch
63. Tailored Vapors - Buffjuice Juicy Bubble
64. Tailored Vapors - Buffjuice Strawbreaker Ice
65. Tailored Vapors - Buffjuice Bomb Berry
66. OC Underground - Blue Raz Menthol
67. OC Underground - Tropical Menthol
68. OC Underground - Melon Menthol
69. Skwezed - Green Apple
70. Khali Vapors - Devils Punchbowl
71. Tartz - Grape
72. Tartz - Strawberry
73. Vapetasia - Vapetasia Killer Custard Lemon
74. Daddy's Vapor - Lemon Twist Wild Watermelon Lemonade
75. Daddy's Vapor - Lemon Twist Golden Coast Lemon Bar
76. Daddy's Vapor - Lemon Twist Peach Blossom Lemonade
77. Daddy's Vapor - Lemon Twist Pink Punch Lemonade
78. Daddy's Vapor - Lemon Twist Iced Pink Punch
79. Daddy's Vapor - Lemon Twist Strawberry Crush Lemonade
80. Daddy's Vapor - Melon Twist Honeydew Melon Chew
81. Daddy's Vapor - Melon Twist Chilled Melon Remix
82. Daddy's Vapor - Melon Twist Watermelon Madness
83. Daddy's Vapor - Apple Twist Crisp Apple Smash
84. Daddy's Vapor - Fruit Twist Tropical Pucker Punch
85. E-Liquid France - Fruizee Lemon Blackcurrant

86. E-Liquid France - Fruizee Cola Apple
87. E-Liquid France - Fruizee Lemon Orange Mandarin
88. USA Vape Labs - Naked 100 Very Cool
89. Tropic 100 - Tropic 100 Blár Iced
90. Big Bottle Co. - Summer Drink
91. Cloud Nurdz - Grape Strawberry
92. Cloud Nurdz - Grape Apple
93. Cloud Nurdz - Strawberry Lemon
94. Cloud Nurdz - Watermelon Apple
95. Nightcap - Lemon Cakepop
96. The Hype Collection - Rocket Pop
97. Tropical 100 - Apple Pearadise
98. Tailored Vapors Tailored House - Honey Crunch
99. Tailored Vapors Tailored House - Cookie Dream
100. Tailored Vapors Tailored House - Snacker Doodle
101. Bubble Gang OG Bubba
102. Midnight Manufacturing Prophet Premium Prodigy
103. Creator Flavor Donut Cappuccino
104. Tailored Vapors Pie Factory Apple
105. Colors Gold
106. Colors Fruity
107. Colors Red
108. Circus Coconut Cake
109. Circus Cooler
110. Circus Cotton Candy
111. Savage Enterprises Vape 100 Cool melons
112. Big Bottle Co. Doctor Big Vapes Patch's Watermelon, Raspberry, Gummy Rings
113. Vape cocktails Vape cocktails Strawberry crisp
114. Ruthless Vapor LoadedCran-applejuice
115. Savage Enterprises Sweet Collection Sour Sweet
116. Savage Enterprises Ripe Collection Kiwi Dragonberry
117. Savage Enterprises Ripe Collection Straw Nanners
118. Savage Enterprises Ripe Collection Fiji Melons
119. Anarchist Anarchist Blár
120. Anarchist Anarchist Fjólublár
121. Anarchist Anarchist Sítróna/bleikur
122. VDistro Lung Hit Frozen Fist
123. VDistro Lung Hit Passion Punch
124. VDistro Lung Hit Berry Banger
125. VDistro Lung Hit Slush Slammer
126. Nasty Juice Apple Sour Candy
127. Nasty Juice Watermelon Sour Candy
128. Nasty Juice Pineapple Sour Candy

- 129. Nasty Juice Green Grape
- 130. Nasty Juice Double Apple
- 131. Nasty Juice Grape Raspberry
- 132. Nasty Juice Lemon Mint
- 133. Nasty Juice Bad Blood
- 134. Nasty Juice Slow Blow
- 135. Nasty Juice Wicked Haze
- 136. Nasty Juice ASAP Grape
- 137. Beard Vape co. The One Rauður
- 138. Beard Vape co. The One Blár
- 139. Beard Vape co. The One Bleikur
- 140. Cream Monster Cream Monster Guavanut
- 141. Cream Monster Cream Monster Waterstraw
- 142. Daddy's VaporFLVR Razz Lemon